

Lög

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. másl. b-liðar 2. mgr. 16. gr. laganna skal örorkulífeyrisþegi á tíma-
bilinu 1. júlí 2008 til 1. janúar 2009 geta valið um að hafa 100.000 kr. frítekjumark á mánuði
vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 29. maí 2008.